

Ed.

581. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 110/1943, um oliugeyma o. fl.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við álagningu skatta eða annarra opinberra gjalda á olíusamlög eða samband olíusamlaga, er stofnuð kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skal gilda sama regla og um samvinnufélög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun stjórnar Fiskifélags Íslands. Fylgdu því svo hljóðandi skýringar:

Lög um oliugeyma o. fl., er samþykkt voru á Alþingi í fyrra, gera ráð fyrir því, að útvegsmenn og aðrir stærri notendur brennsluolíu stofni með sér samlög til sameiginlegra innkaupa á olíum. Er ráð fyrir því gert, að samlög þessi fái nokkurn styrk frá hinu opinbera til að koma sér upp nauðsynlegum mannvirkjum, svo sem geymum o. ö. þ. h.

Þegar hafa verið stofnuð nokkur olíusamlög, og stofnun annarra er í undirbúningi, og virðist ríkja almennur áhugi meðal útgerðarinnar í þessu máli. Samlög þau, sem stofnuð hafa verið, hafa flest eða öll sniðið samþykktir sínar eftir fyrirmynd, er Fiskifélag Íslands lét gera á s. l. vori og hefur látið þeim í té, er hugsað hafa til samlagsstofnunar. Eru samþykktir þessar í flestum atriðum sniðnar eftir samvinnulögunum, enda má telja líklegt, að til þess hafi verið ætlað, að samlögin störfuðu sem samvinnufélög.

Lögin mæla þó svo fyrir í 4. gr., að öllum notendum brennsluolíu skuli heimil þátttaka í samlögunum, og geta því að sjálfsgöðu jafnt félög sem einstaklingar orðið meðlimir, en í samvinnuföllum geta einungis verið einstaklingar. Enn fremur setja samvinnulögin þau skilyrði, að félagsmenn séu minnst 15, en gera verður ráð fyrir, að ókleift verði að uppfylla þetta skilyrði við stofnun olíusamlaganna, með því að allviða í veiðistöðvunum eru eigi svo margir notendur brennsluolíu, að samlagsmeðlimir gætu orðið 15 að tölu.

20. gr. samþykktanna um félagsslit er sömuleiðis ekki í samræmi við samvinnulögin, en þó er sá varnagli settur, að ráðstafanir á eignum samlags skuli háðar takmörkunum þeim, sem 5. gr. laga um oliugeyma ákveður.

Af þessum ástæðum hefur ekki verið unnt að skrá olíusamlög þau, sem stofnuð hafa verið, sem samvinnufélög.

Til þess að gera samlögum þeim, sem stofnuð verða samkv. lögum þeim, er hér um ræðir, kleift að starfa á eðlilegan hátt, virðist óhjákvæmilegt, að um skattlagningu þeirra séu settar þær reglur, sem hér er gert ráð fyrir, enda er hér tvímálalaust um neytendafélög að ræða.

Virðist því eðlilegast, að ákvæði um þetta séu sett inn í lögum um oliugeyma o. fl.